



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

UMHVERFISVERÐLAUN NORÐURSLÓÐA SAMSTARF UM NÝTINGU JARÐHITA Í ALASKA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson tók í gærkvöldi, miðvikudaginn 17. október, við viðurkenningu fyrir forystu um samstarf og sjálfbæra þróun á Norðurslóðum. Þessi umhverfisverðlaun Norðurslóða voru veitt við hátíðlega athöfn í Anchorage í Alaska að viðstöddum fjölmörgum þátttakendum á alþjóðlegri ráðstefnu um orkumál á Norðurslóðum og forystumönnum Alaskaríkis.

Verðlaunin bera heitið The Robert O. Anderson Sustainable Arctic Award og eru veitt af Norðurstofnuninni (Institute of the North) sem hefur aðalstöðvar í Anchorage.

Stofnandi hennar er Walter J. Hickel fyrrum ríkisstjóri í Alaska og innanríkisráðherra í ríkisstjórn Nixons Bandaríkjaforseta. Hann afhenti forseta Íslands verðlaunin og sagði að þau væru veitt fyrir ötula framgöngu um málefni Norðurslóða á undanförunum árum og baráttu fyrir aukinni samvinnu íbúa á Norðurslóðum, sjálfbærri þróun og verndun náttúrunnar. Forseti hefði gegnt lykilhlutverki við að móta Hið nýja norður, en það væri samheiti yfir breyttar áherslur í samstarfi fólks á Norðurslóðum.

Forseti hefur undanfarna daga tekið þátt í alþjóðlegri orkuráðstefnu, Arctic Energy Summit, sem haldin er í tilefni af Alþjóðlega heimskaftaárinu (International Polar Year). Ráðstefnuna sækir fjöldi sérfræðinga, vísindamanna og áhrifamanna frá Bandaríkjunum, Rússlandi, Kanada og Norðurlöndum.

Forseti flutti ræðu á opnunarfundi ráðstefnunnar ásamt ríkisstjóra Alaska Sarah Palin og Öldungadeildarþingmanninum Lisa Murkowski. Einnig flutti erindi á opnunarfundinum Jevgeni Velikhov, einn helsti áhrifamaður rússneska vísindasamfélagsins. Forseti hefur einnig setið málstofur og stýrt umræðum á ráðstefnunni.

Þá hefur forseti átt fundi með ýmsum áhrifamönnum í Alaska þar sem hann hefur kynnt sögu jarðhitanytingar á Íslandi, hlutverk jarðhita í orkubúskap þjóðarinnar og hvernig hann hefur orðið grundvöllur margvíslegrar atvinnustarfsemi. Aðstæður í Alaska eru um margt áþekkar og á Íslandi. Til umræðu hefur verið hvernig nýta eigi jarðhita í Spurr-fjalli í nágrenni Anchorage en þar mætti leggja reynslu Reykjavíkur af virkjunum á Nesjavöllum og Hellisheiði til grundvallar.

Meðal þátttakenda í ráðstefnunni og fundum forseta í Alaska hafa verið fulltrúar íslenskra stofnana og fyrirtækja. Umræðum á hinni alþjóðlegu orkuráðstefnu hefur verið sjónvarpað beint á veraldarvefnum á slóðinni www.arcticportal.org og þar má finna gögn henni tengd.

18. október 2007

Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og skrifstofa forseta Íslands (540 4400).

Myndir má nálgast á vefsetri forsetaembættisins, forseti.is.